



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 5. ágúst 2025
23092869/502.10 HO

Efni: Húsnæði mæðrastyrksnefndar Kópavogs – upplýsingar um stöðu mála.

Í byrjun apríl sl. varð vart við tjón vegna vatnsleka á húsnæði Mæðrastyrksnefndar á jarðhæð hússins. Tjónið varð vegna skemmda á sameiginlegri lögn undir plötu og neyddist nefndin til að flytja úr húsnæðinu í vor. Búið er að gera við sameiginlegu lögnina og steypa göt í gólfi sem þurfti að taka.

Kópavogsbær hefur nú fengið verktaka í að lagfæra skemmdir innanhús á gólfum og veggjum. M.a. þarf að flota gólfíð og leggja nýjan dúk. Áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki í síðasta lagi í lok september n.k. og að mæðrastyrksnefnd geti þá strax hafið sína starfsemi að nýju í húsnæðinu.

Mæðrastyrksnefnd hefur verið upplýst um stöðu mála.

Virðingarfyllst,

Harri Ormarsson
lögfræðingur



Κόπavo

